

Mál nr. 8/2013

Ár 2013, mánudaginn 25. nóvember var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 8/2013

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I Málsmæðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) dagsettu 10. maí 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (X) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina Z við rakkann Y án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð og án þess að tíkin hefði náð tveggja ára aldri. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 4. júní 2013 og henni gefinn andmælafræstur til 2. júlí. Siðanend hefur mótttekið svarbréf kærðu og sent afrit af því til kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Siðanefnd telur að öll gögn er máli skipta hafi komið fram í málinu og því ákveðið að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var tíkin Z pöruð við rakkann Y hinn 21. maí 2012. Hundarnir eru af kyninu Íslenskur fjárhundur og er tíkin í eigu kærðu. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Í andsvari sínu svaraði kærða því til að pörunin hafi ekki verið ásetningur. Tíkin hafði verið á fóðursamningi hjá þriðja aðila sem taldi að tíkin hefði lóðað í mars 2012. Kærða hafi því ekki áttað sig á því að tíkin væri að lóða er hún sendi hana frá sér tímabundið til undirbúnings fyrir sýningu. Þó hafi viðtakandi tíkarinnar fundist hún hegða sér undarlega í návist rakkans á heimilinu og því ákveðið að ráðfæra sig við dýralækni en hann taldi hana á að hafa ekki áhyggjur.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Íslenskur fjárhundur:

„Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir frá 01.07.1999). Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Eftir þriggja ára aldur má augnvottorð ekki vera eldra en 26 mánaða við pörun. (gildir frá 01.06.2007). Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (katarakt) mun hann verða skráður í ræktunarbann (sbr. beiðni frá DÍF 30.09.2004). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki

ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun fór fram hinn 21. maí var tíkin ekki með gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Íslenskur fjárhundur skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 12 mánaða hjá undaneldishundum til þriggja ára aldurs. Augnvottorðið er því eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Þá er ljóst að tíkin hafði ekki náð tilskildum tveggja ára aldri við pörun og hefur kærða því einnig gerst brotleg við grein 3.3 í sömu reglum.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða hefur gefið þá skýringu að pörunin hafi ekki verið ásetningur heldur hafi ekki verið vitað að tíkin væri að lóða. Kærða gerir sér fulla grein fyrir því að reglur hafa verið brotnar og harmar það. Siðanefnd vill minna á að það er alfarið á ábyrgð eigenda að hundar parist ekki fyrir slysi. Þá liggur það fyrir að kærða hefur áður sætt áminningu vegna brots á reglum fyrir félagsmenn HRFÍ þar sem það var án gilds augnvottorðs. Kærða sætir því áminningu öðru sinni.

IV Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 og grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt

f.h. siðanefndar

Guðríður Valgeirsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir